

1936 nr. 91 23. júní**Lög um garðyrkjuskóla ríkisins**

- **1. gr.** Stofna skal garðyrkjuskóla að Reykjum í Ölfusi.
- **2. gr.** Ríkið leggur skólanum til nægilegt land til garðyrkju, svo og vermireiti og gróðrarskála og aðrar byggingar, og enn fremur búfé og búsaðhöld, sem nú eru á Reykjum og tilheyra Reykjabúinu.
- **3. gr.** Garðyrkjuskólinn skal rekinn sem sjálfstæð stofnun á ábyrgð ríkisins og ber sjálfur kostnað við skólahaldið, eftir því sem tekjur hans hrökkva, enda njóti hann alls þess arðs, er garðyrkjan og annar rekstur skólabúsins gefur af sér. Heimilt skal stofnuninni að taka lán til framkvæmda sinna, eftir því sem nauðsyn krefur, með samþykki fjármálaráðherra.
□ [Skólanefnd og forstöðumaður ákveða upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfangi, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemenda-sjóðsgjöld. Upphæð gjalda er háð samþykki ráðherra.]¹⁾
¹⁾ L. 127/1993, 6. gr.
- **4. gr.** Við skólann skulu gerðar ýmsar tilraunir með ræktun garðjurta, bæði við almenn skilyrði og í gróðrarskálum.
- **5. gr.** Í garðyrkjuskólanum skal fram fara bæði verkleg og bókleg kennsla. Verklegu kennslunni skal fyrir komið á tvennan hátt:
 - a. með námskeiðum að vorinu og sumrinu 3–4 mánaða tíma, þar sem fram fari tilsógn í ræktun allra algengra garðávaxta,
 - b. með tveggja til þriggja ára verknámi fyrir þá, sem vilja

verða fullnuma í garðyrkju. Kennsla þessi skal fram fara bæði á köldu landi og heitu. Bóknámið má standa yfir allt að einu ári, og skal það fara fram aðallega að vetrinum. Aðgang að því eiga þeir, sem stundað hafa 2–3 ára verknám á þeim garðyrkjubúum, sem landbúnaðarráðherra löggildir til að hafa verklega garðyrkjukennslu með höndum. Auk garðyrkjunámskeiðanna má einnig hafa matreiðslunámskeið í skólanum, einkum að því er snertir notkun garðjurta.

■ **6. gr.** [Ráðherra skipar skólastjóra garðyrkjuskóla ríkisins til fimm ára í senn og ræður hann kennara og annað starfslíð skólans.]¹⁾ Launakjör fastra starfsmanna skulu vera í samræmi við launakjör kennara bændaskólanna.

¹⁾ L. 83/1997, 75. gr.

■ **7. gr.** Forstöðumaður hefur aðalumsjón með skólanum og sér um allar framkvæmdir og kennslu. Hann hefur og á hendi allt reikningshald skólans.

■ **8. gr.** Nemendur fá í skólanum ókeypis húsnæði og kennslu, en um greiðslu fyrir fæði fer eftir ákvæðum, sem ráðherra setur í reglugerð.

■ **9. gr.** Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn skólans ásamt þriggja manna nefnd, er hann skipar til þess. Laun skólanefndar skulu ákveðin af landbúnaðarráðherra og greidd af skólanum. Landbúnaðarráðherra gefur og út reglugerð¹⁾ um starfsemi skólans, og skal þar nánar ákveðið um inntökuskilyrði, námsgreinar, tilhögun kennslu, próf, kennslukrafta, tilraunastarfsemi, rekstur garðyrkjubúsins, fyrirkomulag námskeiða o.fl.

¹⁾ Rg. 712/1996.